

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – apríl 2025

Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,9%

Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,9% og lækkaði úr 4,2% frá mars. Í apríl 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,6%.

Að meðaltali voru 8.102 atvinnulausir í apríl, 4.801 karl og 3.301 kona. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 407 frá mars.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 7,0% og lækkaði úr 7,7% frá mars.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3%.

Alls komu inn 258 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl.


Atvinnulausir voru 8.406 í lok apríl, 4.916 karlar og 3.490 konur.

Í apríl 2025 gaf Vinnumálastofnun út 213 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 182 á höfuðborgarsvæðinu.

Í apríl voru 240 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 14 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að draga muni áfram úr atvinnuleysi í maí og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 3,6% til 3,8%.

Próun atvinnuleysis frá apríl 2023 til apríl 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði alls staðar á landinu frá mars, mest þó á Suðurnesjum þar sem það fór úr 7,7% í 7,0%. Atvinnuleysi var 3,7% á landsbyggðinni í apríl og lækkaði úr 4,1% frá mars.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3% og 2,3% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í mars og apríl.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á einu svæði á landinu í apríl, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,3% en atvinnuleysi kvenna 3,8%. Mestur var munurinn á atvinnuleysinu á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 7,4% en atvinnuleysi kvenna 6,5%, og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% en atvinnuleysi kvenna 1,8%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í apríl.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.406 í lok apríl, 4.916 karlar og 3.490 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 199 frá marslokum en atvinnulausum konum fækkaði um 155.

Alls var 881 atvinnuleitandi á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 60 frá mars.


Alls höfðu 1.539 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl. Í apríl 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.262 og nemur fjölgunin 277 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.989 í apríl síðastliðnum en voru 1.697 í apríl 2024.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í apríl nema í sorpi og veitum þar sem fjölgaði um tvo. Mest var fækkunin í veitingaþjónustu þar sem fækkaði um 67 en einnig í gistiþjónustu þar sem fækkaði um 64.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.693 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 219 frá mars. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 56% í lok apríl.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.916 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Rúmeníu og Úkraínu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok apríl 2025




Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í apríl 2025 gaf Vinnumálastofnun út 213 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 182 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 107 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 106 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 73 leyfi. Þá voru gefin út 49 námsmannaleyfi og 45 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í apríl voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 53%, 19% vegna þjónustustarfa og 13% vegna starfa verkafólks. Um 15% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl voru gefin út 104 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 80 einstaklingar, fimm fóru til Litáen og þrír fóru til bæði Grikklands og Portúgal. Þá voru gefin út 13 vottorð til viðbótar til 10 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, apríl 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 258 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 152 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 55% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 12% á Suðurlandi og einnig 12% á Norðurlandi eystra. Þá eru 21% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í apríl 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í apríl voru 247 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 14 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 178 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.